

Ed.

716. Nefndarátt

um frumvarp til laga um íslenskan fána (á þingskjali 410).

Frá minni hluta nefndarinnar.

Jeg hefi eigi getað orðið meðnefndarmönnum mínum samferða í þessu máli. Jeg lít svo á að það sje ekki heppilegt fyrir þjóðina og heldur eigi fyrir sjálfst fánamálið, að frumvarpið gangi fram á þessu þingi.

Málið stendur í svo nánu sambandi við sambandsmálið, að mjög örðugt er að greina þar á milli. Auk þess er málið mjög viðkvæmt tilfinningamál bæði fyrir Dani og Íslendinga, ekki síst fyrir Dani.

Frumvarpið er svo óákveðið og óljóst orðað, og úr því bætir breytingar-tillaga meiri hlutans ekki, að óttast má, að iðulega muni rísa upp ágreiningur milli landanna um notkun hins nýja fána, og mundu þau ágreiningsatriði jafnan verða mjög óþægileg. Það er því brýn nauðsyn, að í fánalögunum sjeu greinileg og ótvíræð ákvæði um notkun fánans, þar sem tekið er fult tillit til allra gildandi lagaákvæða, svo ótvíræð að ágreiningsatriði í einstökum tilfellum sjeu útilokuð, svo sem frekast er unt að gera slíkt með lögum.

Þá virðist mjer óviðkunnanlegt, að jeg ekki segi ókurteist, að konungur skuli ekki hafa tillögurjett um gerð fánans, eða notkun hans, því það er þó alkunnugt, að fánar flestra landa eiga rót sína að rekja til konungsvaldsins og standa í nánu sambandi við það. Fáninn er miklu fremur veldis en þjóð-ernismerki.

Hin eðlilegasta og heppilegasta leið til þess að leysa úr þessu vandamáli, er að minni hyggju, að þingið vísi því til stjórnarinnar með áskorun um, að ráðherra beri málið upp fyrir hans hátígn konunginum og fái samþykki hans til að leggja fyrir næsta alþingi frumvarp um fána Íslands. Með því er bygt fyrir ágreining milli þjóðanna út af þessu máli, og alþingi sýndi þá konunginum skylduga kurteisi.

Jeg mun því bera fram í háttvirtri deild tillögu um að visa máli þessu til stjórnarinnar.

Alþingi 4. sept. 1913.

Steingrímur Jónsson.